



## **Fundargerð - stjórnarfundur nr. 346**

**346. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 23. maí 2023 kl. 13.00 – 14.30 á skrifstofu Úrvinnslusjóðs, Suðurlandsbraut 24.**

### **Dagskrá samkvæmt fundarboði:**

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ársfundur 2023
3. Staða mála varðandi sérstaka söfnun
  - a. Uppgjör við sveitarfélög
  - b. Gildistími greiðslna vegna samsöfnunar á pappu og plast
4. Til kynningar:
  - a. Uppgjör 2022 og fyrsti ársfjórðungur 2023
  - b. Kynninga- og fræðslumál
  - c. Lagabreytingar
5. Tilraunaverkefni Sorpu á rúmdýnum
6. Umsóknir ráðstöfunaraðila
7. Önnur mál

### **Fundinn sátu:**

#### **Stjórn:**

Magnús Jóhannesson, formaður (MJ),  
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),  
Benedikt S. Benediktsson (BSB),  
Guðný Hjaltadóttir (GH),  
Hildur Hauksdóttir (HH),  
Hrefna B. Jónsdóttir (HBJ), varamaður Eygerðar Margrétardóttur  
Líf Magneudóttir (LM)

#### **Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:**

Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri  
Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari.

### **Samantekt ákvarðana fundarins:**

- Ársfundur vegna ársins 2022 verði haldinn fyrri hluta september
- Umsókn Sorpu um styrk vegna tilraunaverkefnis var hafnað.
- Umsókn ráðstöfunaraðilans Kras Recycling B.V. var samþykkt
- Umsókn ráðstöfunaraðilans Folgos Sp. var samþykkt með fyrirvara um gilt starfsleyfi

## DAGSKRÁ:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð stjórnarfundar 345 frá 2. maí sl. var lögð fram til samþykktar.  
*Samþykkt fundargerðar var frestað til næsta fundar.*

### 2. Ársfundur

Lagt er til að ársfundur verði haldinn fyrri partinn í september.  
*Samþykkt að halda næsta ársfund í fyrri hluta september*

### 3. Staða varðandi sérstaka söfnun

#### a. Uppgjör við sveitarfélög

Farið var yfir gögn vegna sérstakrar söfnunar og sýnt hvernig stillt verði fram upplýsingum um söfnunina. Flestir þjónustuaðilar hafa skilað skilagreinum og eftirvinnsla er í gangi. Verið er að skilgreina hvaða upplýsingar verði birtar á heimasíðu um sérstaka söfnun þá m.a. út frá hvað nýtist sveitarfélögum best. Þá verður í haust skoðað hvort endurmeta þurfi magntölur með hliðsjón af niðurstöðu úrtakskönnunar. Fjársýsla mun annast uppgjör samkvæmt skilagreinum með sama hætti og gert er vegna ökutækja

#### b. Gildistími greiðslna vegna samsöfnunar á pappa og plasti

*Ákvörðun frestað til næsta fundar.*

### 4. Til kynningar:

#### a. Uppgjör 2022 og fyrsti ársfjórðungur 2023

Farið er yfir kostnaðar- og gjaldaliði í heild sem og niðurbrotið á vöruflokka. Sýndur er kostnaður við rekstur skrifstofu. Heildartölur vegna gjalda og tekna 2022 og fyrsta ársfjórðungs 2023 eru bornar saman við tölur árána 2020 og 2021. Vakin er athygli á verulegri kostnaðaraukningu og samsvarandi hækkun úrvinnslugjalda.

#### b. Kynninga- og fræðslumál

Kynnt var áætlun um framkvæmd fræðslu- og kynningamála.

Áhersla er á að öll efnistöð og framkvæmd verði í nánú samráði við Úrvinnslusjóð.

#### c. Lagabreytingar

Farið var yfir þær lagabreytingar sem ráðuneyti áformar að leggja til á vor- og haustþingi.

## 5. Tilraunaverkefni Sorpu á rúmdýnum

Sorpa hefur leitað til Úrvinnslusjóðs og óskað eftir styrk við tilraunaverkefni um að senda rúmdýnur til endurvinnslu í Hollandi. Þar sem ekki eru fordæmi fyrir því að Úrvinnslusjóður styrki verkefni vegna vara sem ekki er greitt úrvinnslugjald af þrátt fyrir að verkefnið sé verðugt.

*Umsókn Sorpu um styrk vegna tilraunaverkefnis var hafnað*

## 6. Umsóknir ráðstöfunaraðila

Kras Recycling B.V. í Hollandi hefur sótt um að gerast ráðstöfunaraðili fyrir plastumbúðir. Úrvinnslusjóður hefur farið yfir umsókn sem uppfyllir skilyrði.

Folgos Sp. í Póllandi endurvinnsluaðili fyrir heyrúlluplast hefur sótt um að gerast ráðstöfunaraðili. Úrvinnslusjóður hefur farið yfir umsókn sem uppfyllir skilyrði.

*Umsóknir ráðstöfunaraðilanna Kras Recycling B.V. og Folgos Sp voru samþykktar með fyrirvara um könnun á gildu starfsleyfi Folgos Sp.*

## 7. Önnur mál (+ mín)

Lagt var til breytt verklag við ritun fundargerða. Lagt var til að gengið verði frá fundargerð og hún samþykkt í lok hvers fundar.

Ekki var fleira rætt og fundi slitið kl. 14.50

Næsti fundur verður haldinn þann 13. júní nk. kl. 9.00